

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 46/2016**

**frá 18. mars 2016**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB frá 26. febrúar 2014 um samhæfingu laga aðildarríkjanna varðandi rafsegulsviðssamhæfi (endurútgefin) <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/34/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og verndarkerfi sem eru ætluð til notkunar í hugsanlega sprengifimu lofti (endurútgefin) <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/35/ESB frá 26. febrúar 2014 um samhæfingu laga aðildarríkjanna um að bjóða rafföng fram á markaði sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka <sup>(3)</sup>.
- 4) Tilskipun 2014/30/ESB fellir niður, frá og með 20. apríl 2016, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/108/EB <sup>(4)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 20. apríl 2016.
- 5) Tilskipun 2014/34/ESB fellir niður, frá og með 20. apríl 2016, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB <sup>(5)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 20. apríl 2016.
- 6) Tilskipun 2014/35/ESB fellir niður, frá og með 20. apríl 2016, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/95/EB <sup>(6)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 20. apríl 2016.
- 7) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á X. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

---

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 79.  
<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 309.  
<sup>(3)</sup> Stjttíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 357.  
<sup>(4)</sup> Stjttíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 24.  
<sup>(5)</sup> Stjttíð. EB L 100, 19.4.1994, bls. 1.  
<sup>(6)</sup> Stjttíð. ESB L 374, 27.12.2006 bls. 10.

1. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir lið 7d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/95/EB):
  - „7e. **32014 L 0030**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi rafsegulsviðssamhæfi (endurútgefin) (Stjtið. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 79).
  - 7f. **32014 L 0034**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/34/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og verndarkerfi sem eru ætluð til notkunar í hugsanlega sprengifimu lofti (endurútgefin) (Stjtið. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 309).
  - 7g. **32014 L 0035**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/35/ESB frá 26. febrúar 2014 um samhæfingu laga aðildarríkjanna um að bjóða rafföng fram á markaði sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka (Stjtið. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 357).“
2. Texti liða 7a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB), 7c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/108/EB) og 7d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/95/EB) fellur brott frá og með 20. apríl 2016.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2014/30/ESB, 2014/34/ESB og 2014/35/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. mars 2016.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Claude Maerten***  
*formaður.*

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.